

ANSA og NTV: Stjórnun viðskiptaferla (BPM) – grunnnámskeið

Samantekt á dagskrá, áherslum og ávinningi á námskeiði

✓ Almennt um námskeið

Stjórnun viðskiptaferla (e. Business Process Management- BPM) er nálgun í stjórnun sem snýr að viðskiptavinum, starfsfólki og fyrirtækis í heild sinni. Grunnnámskeið í stjórnun viðskiptaferla er hagnýtt námskeið þar sem þátttakendur fá kynningu á tilgangi, markmiðum og ávinningi af því að beita slíku stjórnntæki. Þátttakendur læra skráningu viðskiptaferla, en skráning er forsenda þess að hægt sé að stýra ferlum með árangursríkum hætti. Þá eru tengsl og ávinningur á BPM aðferðum samhliða aðferðum í straumlínustjórnun og gæðastjórnun í starfseminni útlistaður. Aðferðir og áherslur við stjórnun viðskiptaferla er öflug og árangursrík leið til að fá starfsmenn til að vinna nánar saman að framþróun og bættum árangri, hvort heldur sem er við að bæta þjónustu, gæði eða auka hagkvæmni í rekstri.

Dagssetning: 5. mars, frá kl. 9.00 til 12.00. **Staðsetning:** Nauthóll veislusalur.

✓ Fyrir hverja?

Um er að ræða staðnám, fyrir hádegi frá kl. 9.00 til 12.00, þar sem þátttakendur hlýða á kynningu, sjá dæmi ásamt því að vinna í skráningu viðskiptaferla með einföldum og áhrifaríkum hætti með praktískum verkefnum og umræðum á námskeiðinu. Aðferðir sem eru kynntar á námskeiðinu nýtast stjórnendum og sérfræðingum strax við verkefni og úrlausn mála á vinnustaðnum. Námskeiðið mun nýtast starfsmönnum fyrirtækja, sveitarfélaga og stofnana:

- Sérfræðinga/stjórnendur sem vinna að úrbótum á ferlum
- Lean sérfræðinga
- Gæðastjóra
- Þjónustustjóra, rekstrarstjóra
- Stjórnendur / sérfræðinga í tölvudeild, hugbúnaðarþróun
- Stjórnendur / sérfræðinga í starfsmannamálum
- Sérfræðinga/stjórnendur í vöru- og viðskiptaþróun
- Verkefnastjóra

✓ Leiðir í boði?

Grunnnámskeið í stjórnun viðskiptaferla er fyrsta námskeiðið af þremur í námskeiðsröðinni um stjórnun viðskiptaferla. Námskeið tvö er verkefna- og breytingastjórnun með BPM áherslum. Þriðja námskeiðið er framhaldsnámskeið í stjórnun viðskiptaferla. Hvert námskeið er sjálfsætt.



Á grunnnámskeiðinu er farið yfir skráningu ferla, tilgang, áherslur og ávinningi sem stjórnun viðskiptaferla skilar. Á námskeiði tvö er kafað dýpra í hvernig BPM styður við verkefnastjórnun og innleiðingu breytinga. Þriðja og síðasta námskeiðið tekur á greiningu og bestun ferla, skráningu á vegferð viðskiptavinarins, samspili við gagnastjórnun og umfjöllun um það nýjasta í stjórnun. Má þar nefna ferlaköfun, sjálfvirknivæðingu ferla, gervigreind og BPM. Mælt er með að áhugasamir skrái sig á öll þrjú námskeiðin til að fá djúpa innsýn í stjórnun viðskiptaferla og fá sem hagnýtustu reynslu af kennslunni sem má nýta í starfi að loknu námskeiðinu.

✓ **Markmið**

Markmiðið er að þátttakendur fái haldgóða yfirsýn yfir tilgang, markmið og ávinning af því að beita aðferðum og áherslum úr stjórnun viðskiptaferla í störfum sínum. Þátttakendur snúi aftur á vinnustaðinn með kunnáttu í skráningu ferla, vinna að umbótum og búa yfir þekkingu við að taka út stöðu á verklagi í starfsemi.

✓ **Námsþættir**

Grunnnámskeið er sjálfstætt námskeið í námskeiðsröð þar sem þrjú námskeið eru kennd. Námskeið tvö ber yfirskriftina áherslur úr stjórnun viðskiptaferla við verkefna- og breytingastjórnun. Loks er boðið upp á framhaldsnámskeið í stjórnun viðskiptaferla. Öll námskeiðin eru staðnámskeið, hálfur dagur hvert, frá kl. 9.00 til 12.00.

✓ **Frammistöðumat / Diplóma**

Ekkert hér

✓ **Annað**

Þátttakendur mæta með fartölvu á námseið. Það þarf engan undirbúning eða gráðu/námskeið sem undanfara á þessu námeiði. Þátttakendur eru hvattir til að mæta fróðleiksfúsir og með jákvæðni á námskeiðið.

✓ **Greiðslumöguleikar**

Námskeiðsgjald fyrir þátttakanda er 48 þús. kr. án vsk. Viðbótar þátttakandi, eða þátttakendur, frá sama fyrirtæki greiða helming af námskeiðsgjaldi. Ef aðili skráir sig á öll þrjú námskeiðin þarf einungis að greiða fyrir tvö námskeið, það þriðja án endurgjalds.